



ÁRSREIKNINGUR 2017
Sparisjóður Austurlands

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 23

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Austurlands hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Reikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Hagnaður nam 26,5 millj. kr. fyrir skatta og lögbundið 5% framlag til samfélagslegra verkefna. Framlag til samfélagslegra verkefna nam 1,3 millj. kr., skattar 15,0 millj. kr. og hagnaður ársins eftir skatta 10,2 millj. kr. Bókfært eigið fé 31.12 2017 nam 796,9 millj. kr. og eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 24,9%, en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%.

Fjármálaeftirlitið hefur metið eiginfjárbörf sparisjóðsins út frá svokölluðu SREP ferli og er lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn 14,1%. Með eiginfjáraukum er hún 18,6% miðað við árslok 2017, hækkar svo í 19,85% 1. janúar 2018 og í 20,85% 1. janúar 2019. Þetta mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf Sparisjóðsins var birt í mars 2017.

Á árinu störfuðu 6,8 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum og námu laun og launatengd gjöld til þeirra ásamt launum stjórnarmanna samtals 88,5 millj. kr. en beinar launagreiðslur samtals 67,5 millj.kr.

Hlutfé sparisjóðsins nam í árslok 700,9 millj. kr. og skiptist á 93 aðila sem er óbreyttur fjöldi frá ársbyrjun. Eftirtaldir aðilar eru tíu stærstu hluthafar sparisjóðsins í árslok 2017:

	Kennitala	Eignarhl.	Nafnverð
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	49,46%	346.628
Fjarðabyggð	470698-2099	22,37%	156.798
Samvinnufélag útgerðarmanna Neskaupstað.....	550269-0319	7,99%	56.000
Stapi lífeyrissjóður.....	601092-2559	6,50%	45.578
Launafli ehf.	490606-1730	1,60%	11.200
Austfjarðaleið ehf.	430169-6969	0,81%	5.697
G. Skúlason vélaverkstæði	621297-5389	0,80%	5.600
Guðmundur Jónas Skúlason	041157-6909	0,44%	3.112
Sigfús Vilhjálmsson	281144-2359	0,22%	1.555
Tíu einstaklingar, hver og einn þeirra á 0,20% eignarhlut.....			

Stjórn sparisjóðsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2018 vegna afkomu ársins 2017. Um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2017 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.


Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Austurlands hf. hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Neskaupstað 22. mars 2018

Stjórn:


Jóna Á. Jónsdóttir
Jón Þorgerður Halldóttir
Regína F. Jónsdóttir

Sparisjóðsstjóri:


Vilmundur G. Þorsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sparisjóðs Austurlands hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Austurlands hf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Sparisjóði Austurlands hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og sparisjóðsstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og sparisjóðsstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sparisjóðs Austurlands hf. Ef við á skulu stjórn og sparisjóðsstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og sparisjóðsstjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegrri dómgreind og beitum við faglegrri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi aðgerðir:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sparisjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 22. mars 2018

Enor ehf.



Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		98.428	132.115
Vaxtatekjur af útlánum		295.119	315.174
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		290	657
		393.837	447.946
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af innlánum		148.187	189.076
Vaxtagjöld af lántöku		137	2.634
		148.324	191.709
Hreinar vaxtatekjur		245.513	256.237
Aðrar rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		40.878	41.061
Þjónustugjöld		(9.889)	(8.055)
Gengishagnaður	3	108	3.568
Ýmsar aðrar rekstrartekjur	3	12.582	22.082
		43.679	58.655
Hreinar rekstrartekjur		289.192	314.892
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	88.497	83.070
Annar rekstrarkostnaður		164.743	144.213
Afskriftir	10	5.075	3.824
		258.315	231.107
Framlög í afskriftareikning útlána	7	(5.678)	(5.895)
Hagnaður fyrir skatta		25.199	77.890
Tekjuskattur	9	(14.978)	(17.926)
Hagnaður ársins		10.222	59.964

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12 2017	31.12 2016
Eignir			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Sjóður		35.662	28.512
Innstæðubréf og aðrar kröfur á Seðlabanka Íslands	6	2.083.664	2.101.446
Kröfur á lánastofnanir	6	34.527	54.791
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		2.153.853	2.184.749
Útlán			
Útlán til viðskiptamanna	7	3.979.877	3.703.077
Fullnustueignir		54.000	62.500
Útlán samtals		4.033.877	3.765.577
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	8	0	30.052
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	8	4.555	4.555
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals		4.555	34.607
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	10	74.864	78.311
Óefnislegar eignir	11	4.530	4.530
Skatteign	9	74.909	89.886
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		14.263	17.337
Aðrar eignir samtals		168.566	190.065
Eignir samtals		6.360.850	6.174.998

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	<u>31.12 2017</u>	<u>31.12 2016</u>
Eigið fé og skuldir			
Innlán			
Óbundin innlán		3.127.505	2.951.526
Bundin innlán	12	<u>2.386.021</u>	<u>2.351.869</u>
Innlán samtals		5.513.526	5.303.395
Aðrar skuldir			
Aðrar skuldir		50.408	84.908
Aðrar skuldir samtals		<u>50.408</u>	<u>84.908</u>
Eigið fé	13		
Hlutfé		700.887	700.887
Lögbundinn varasjóður		9.603	8.581
Óráðstafað eigið fé		<u>86.426</u>	<u>77.227</u>
Eigið fé samtals		796.916	786.695
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.360.850</u>	<u>6.174.998</u>
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	16		
Aðrar upplýsingar	16 - 19		

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		10.222	59.964
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar		(2.309)	(1.012)
Framlag í afskriftareikning útlána	7	5.678	5.895
Tekjuskattsinneign, breyting	9	14.978	17.926
Aðrir liðir		5.075	3.824
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(31.425)	60.243
Handbært fé frá rekstri		2.219	146.840
Fjárfestingahreyfingar			
Kröfur á lánastofnanir, breyting		1.313	(47.710)
Útlán, breyting		(228.006)	(407.457)
Markaðsskuldabréf, breyting		30.052	3.194
Fjárfestingarhlutabréf, breyting		0	15.937
Kaupverð rekstrarfjármuna		(1.628)	0
Kaupverð / söluverð óefnislegra eigna		0	(4.530)
Fjárfestingahreyfingar samtals		(198.269)	(440.565)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innlán, breyting		166.467	(14.857)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		166.467	(14.857)
Breyting á handbæru fé			
		(29.583)	(308.582)
Handbært fé í byrjun árs		2.107.093	2.415.675
Handbært fé í árslok		2.077.510	2.107.093

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Austurlands hf. Heimilisfang sparisjóðsins er að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Stjórn sparisjóðsins staðfesti ársreikninginn 22. mars 2018.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau þjónustugjöld eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn að því marki sem talið er að hún muni nýtast. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi sjóðsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Fjársýsluskattur

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sjóðsins.

Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun þann 31.12.2017. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2018.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur leyst til sín eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu gangvirði í ársreikningi sparisjóðsins.

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt annarsvegar í skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum, og hinsvegar í hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði í árslok. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma þar til niðurlagsverði er náð.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	45 ár
Innréttingar og húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3 - 5 ár
Hugbúnaður	3 ár

Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Innlán

Innlán eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun þann 31.12.2017. Verðtryggð innlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2018 og gengistryggð innlán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2017.

3. Aðrar rekstrartekjur

Gengishagnaður (tap) greinist þannig:

	2017	2016
Veltuskuldabréf	(197)	608
Veltu- og fjárfestingarhlutabréf	0	3.160
Gjaldeyristengdar eignir og skuldir	305	(200)
Samtals	108	3.568

Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

Húsaleiga	12.566	17.538
Aðrar tekjur	16	4.544
Samtals	12.582	22.082

Skýringar

4. Starfsmannamál

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	67.506	63.449
Launatengd gjöld	20.990	19.621
Laun og launatengd gjöld samtals	88.497	83.070
Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:		
Fjöldi ársverka	6,8	6,6
Stöðugildi í árslok	6,4	6,5

5. Þóknun endurskoðenda

	2017	2016
Endurskoðun	5.253	4.843
Innri endurskoðun	1.359	2.652
Önnur þjónusta	777	450
Samtals	7.389	7.944

6. Kröfur á lánastofnanir

	31.12 2017	31.12 2016
Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:		
Gjaldkræfar kröfur	371.848	298.582
Allt að 3 mánuðir	1.670.000	1.780.000
Bundnar kröfur skv. reglum um bindiskyldu	76.343	77.656
Samtals	2.118.191	2.156.238

7. Útlán

	31.12 2017	31.12 2016
Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:		
Yfirdráttarlán	501.827	571.758
Skuldabréf	3.478.050	3.131.319
Samtals	3.979.877	3.703.077
Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:		
Ríki og sveitarfélög	0,0%	0,0%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður	0,0%	0,0%
Sjávarútvegur	2,5%	3,4%
Verslun	0,6%	1,3%
Iðnaður og verktakar	3,3%	3,4%
Þjónusta	20,3%	23,9%
Einstaklingar	73,3%	68,0%
Samtals	100,0%	100,0%

Skýringar

7. Útlán frh.

	31.12 2017	31.12 2016
Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræf útlán	40.113	40.978
Allt að 3 mánuðir	264.119	341.291
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	382.286	387.332
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	976.356	964.554
Yfir 5 ár	2.317.002	1.968.923
Samtals	<u>3.979.877</u>	<u>3.703.077</u>

Fullnustueignir greinast þannig:

Fasteignir og lóðir	53.000	60.500
Lausafjármunir	1.000	2.000
	<u>54.000</u>	<u>62.500</u>

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinist þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	68.491	81.580
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(28.141)	(38.905)
Önnur vaxtalaus útlán	8.219	9.790
Óvaxtaberandi útlán samtals	<u>48.569</u>	<u>52.464</u>

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur		31.12 2017	31.12 2016
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur í upphafi ársins	38.905	46.047	84.952	112.732
Framlag í afskriftareikning á árinu	(551)	3.230	2.678	2.095
Endanlega töpuð útlán	(10.213)		(10.213)	(31.228)
Innkomið áður afskrifað	0		0	1.353
Afskriftareikningur útlána í lok ársins	<u>28.141</u>	<u>49.277</u>	<u>77.418</u>	<u>84.952</u>

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum

og veittum ábyrgðum	0,7%	1,2%	1,9%	2,2%
---------------------------	------	------	------	------

Sjóðurinn breytti aðferðarfræði sinni varðandi mat á almennu framlagi í afskriftareikning útlána í árslok 2016. Framlagið hafði verið verið fast hlutfall, eða 2,0% af stöðu útlána, en er frá árslokum 2016 reiknað útfrá sögulegum gögnum sjóðsins um útlánatöp og vanskil ásamt því sem tekið hefur verið tillit til efnahagslegra mælikvarða í samræmi við ákvæði reglna 834/2003 um reikningsskil lánastofnana. Útreiknað hlutfall í almennan afskriftareikning vegna útlána til einstaklinga í árslok 2017 er 1,04% og 1,56% vegna útlána til fyrirtækja.

Skýringar

8. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	31.12 2017	31.12 2016
Skráð bréf	0	30.052
Óskráð bréf	0	0
	<u>0</u>	<u>30.052</u>

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Óskráð hlutabréf	4.555	4.555
------------------------	-------	-------

Hlutabréf greinast þannig í árslok:

	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Auðkenni	0	2.588	2.588
Fjölgreiðslumiðlun	0	27	27
Landsbanki Íslands	0	166	1.636
Uppspretta	0	100	275
Saga eignarhaldsfélag	0	28	29
Hlutabréf samtals	<u>0</u>	<u>2.909</u>	<u>4.555</u>

9. Reiknuð skatteign

Breyting skatteignar á árinu greinist þannig:

	2017	2016
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	89.886	107.812
Breyting skatteignar á árinu 2017	(14.978)	(17.926)
Reiknuð skatteign í árslok	<u>74.909</u>	<u>89.886</u>

Skatteign sjóðsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:

Útlán	15.484	16.990
Frestaður gengismunur	(27)	(170)
Rekstrarfjármunir	(887)	(848)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	<u>72.537</u>	<u>76.186</u>
Reiknuð skatteign í árslok	<u>87.107</u>	<u>92.159</u>
Skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu	<u>(12.198)</u>	<u>(2.273)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>74.909</u>	<u>89.886</u>

Skatteign að fjárhæð kr. 12,2 millj. vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er ekki færð til eignar vegna óvissu um nýtingu hennar.

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði næstu ára og skiptist þannig:

Skattalegt tap ársins 2009, nýtanlegt til ársloka 2019	147.572
Skattalegt tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021	214.859
Skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	<u>256</u>
	<u>362.687</u>

Skýringar

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Stofnverð í upphafi árs	134.135	24.733	158.868
Eignfært á árinu	0	1.628	1.628
Stofnverð í árslok	134.135	26.361	160.497
Afskrifað áður	60.558	20.000	80.558
Afskrifað á árinu	2.683	2.393	5.075
Afskrifað samtals	63.240	22.393	85.633
Bókfært verð í árslok	70.895	3.969	74.864
Afskriftarhlutföll	2%	20%	

Fasteignamat húseigna og lóða, þar með talið fullnustueigna, nam í lok ársins 130,8 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 468 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 44,1 millj. kr. þann 31.12 2017.

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hugbúnaður
Stofnverð í upphafi árs	4.530
Eignfært á árinu	0
Stofnverð í árslok	4.530
Afskrifað áður	0
Afskrifað á árinu	0
Afskrifað samtals	0
Bókfært verð í árslok	4.530

12. Innlán

Bundin innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	31.12 2017	31.12 2016
Allt að 3 mánuðir	625.721	529.255
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	468.813	501.144
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	738.372	814.628
Yfir 5 ár	553.115	506.842
Samtals	2.386.021	2.351.869

Skýringar

13. Eigið fé

Hlutfé sparisjóðsins nemur 700,9 millj. kr. í árslok og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hlutfé sjóðsins var í árslok í eigu 93 aðila.

Yfirlit um eigið fé:	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	700.887	8.581	77.227	786.695
Hagnaður ársins			10.222	10.222
Lagt í lögbundinn varasjóð		1.022	(1.022)	0
Eigið fé í árslok	700.887	9.603	86.426	796.916

Eigið fé í lok ársins nemur 796,9 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 24,9% .

Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12 2017	31.12 2016
Heildar eigið fé	796.916	786.695
Skatteign	(74.909)	(89.886)
Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum	(1.636)	(1.636)
Eiginfjárgrunnur samtals	720.372	695.172

Heildar eiginfjárfkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta	188.497	197.853
Markaðsáhætta	57	746
Rekstraráhætta	43.274	42.308
Eiginfjárfkrafa	231.828	240.907

Eiginfjárlutfall	24,9%	23,1%
------------------------	-------	-------

Vogunarhlutfall

Fjármálafyrirtæki skal skv. 30. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 uppfylla kröfur um vogunarhlutfall. Vogunarhlutfall sjóðsins í árslok 2017 er 10,5% en samkvæmt lögnum skal vogunarhlutfall ekki fara undir 3%.

Vogunarhlutfallið reiknast þannig:

	31.12 2017	31.12 2016
Eigið fé þáttar 1	720.372	695.172
Áhættuskuldbindingar:		
- Liðir innan efnahags	6.360.850	6.174.998
- Liðir utan efnahags	560.418	712.746
- Frádráttarliðir eiginfjárbáttar 1	(76.545)	(91.522)
Heildaráhættuskuldbindingar	6.844.723	6.796.222
Vogunarhlutfall	10,52%	10,23%

Skýringar

14. Veðsetning eigna

Sparisjóðurinn hefur sett eignir að veði í venjulegum bankaviðskiptum að fjárhæð 140 millj. kr. í árslok 2017 til tryggingar á uppgjörum í jöfnunar og stórgreiðslukerfum Seðlabanka Íslands. Um er að ræða tryggingu í bundnu innláni í Seðlabankanum. Aðrar eignir sparisjóðsins eru ekki veðsettar.

15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru stjórn sparisjóðsins, lykilstjórnendur og stofnfjáreigendur sem eiga yfir 10% af stofnfé og félög tengd framangreindum aðilum.

Stöður við tengda aðila sundurliðast þannig:	31.12 2017	31.12 2016
Útlán	19.153	21.017
Innlán	218.619	504.213

Vaxtakjör útlána og innlána tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sparisjóðsins með þeirri undantekningu að gerður hefur verið samningur um sérkjör á innlánsreikningi í eigu Fjarðabyggðar.

Laun og þóknanir til stjórnar og lykilstarfsmanna sundurliðast þannig:	2017	2016
Sparisjóðsstjóri	21.523	20.119
Skrifstofustjóri	13.299	12.919
Stjórnarformaður	2.250	2.040
Aðrir stjórnarmenn (5)	4.740	4.210
Samtals	41.812	39.288

16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og aðrar upplýsingar

Ábyrgðir og ónotaðar yfirdráttarheimildir

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	31.12 2017	31.12 2016
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	80.718	77.707
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	267.077	315.495
Ónotaðar kreditkortarheimildir	212.622	319.544

Tryggingarsjóður innstæðueigenda

Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Greiðslur sparisjóðsins til Tryggingasjóðs nema 13,3 millj. vegna ársins 2017.

Skýringar

16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings og aðrar upplýsingar frh.

Samfélagsstyrkir

Samkvæmt 15. gr. samþykktu Sparisjóðs Austurlands hf. skal sparisjóðurinn ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu í samræmi við ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Úthlutun vegna rekstrarársins 2016 nam kr. 4,1 millj. og skiptist þannig:

Ungmennafélagið Leiknir	200
Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar	300
Eistnaflug	300
Björgunarsveitin Gerpir	100
Björgunarsveitin Brimrún	100
Björgunarsveitin Ársó	100
Björgunarsveitin Geisli	100
Golfklúbbur Norðfjarðar	200
Djúpið, Verkmenntaskóli Austurlands	300
Minningarsjóður Ágústar Ármanns Þorlákssonar	200
Franskir dagar Fáskrúðsfirði	200
Íþróttafélagið Huginn	200
Íþróttafélagið Próttur	400
Velferðarsjóður Fjarðabyggðar	200
Endurbýgging Lúðvíkshússins	200
Listasmiðjan v/Þórsmörk	200
Kajakklúbburinn Kaj.	200
Neistaflug	200
Hestamannafélagið Blær	200
Skíðafélag Fjarðabyggðar	200
	<hr/>
	4.100

Samfélagsstyrkir

Gjaldfært hefur verið framlag vegna ársins 2017 að fjárhæð kr. 1,3 millj. Samfélagsstyrkir eru færðir meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi.

Skýringar

17. Áhættustýring og eftirlit

Starfsemi sparisjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu og áhættuþætti sem geta haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag sjóðsins. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta, markaðsáhætta, vaxtaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Áhættustýring sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Starfsmenn sjóðsins framkvæma eftirlitsaðgerðir og sinna skýrslugerð varðandi mismunandi áhættuþætti. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegri framkvæmd áhættustýringar samkvæmt umboði frá stjórn.

Útlánaáhætta:

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána til viðskiptamanna sjóðsins og felst hættan í því að viðskiptamenn sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sjóðurinn er einnig opinn fyrir útlána- eða mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttra yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Stjórn setur útlánareglur og ákveður lánastefnu sjóðsins. Stjórn ákveður einnig útlánaheimildir sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna sjóðsins. Stjórn tekur ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram útlánaheimildir sparisjóðsstjóra.

Sjóðurinn hefur lagt áherslu á að bæta gæði útlána og betri útlánadreifingu. Lánaferlar sjóðsins eru til stöðugrar skoðunar og áhersla er á að bæta gagnasöfnun, skjalagerð og skráningu.

Lausafjáraáhætta:

Í lausafjáraáhættu felst hættan á því að sparisjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lausafjárstýring sjóðsins felst í greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til þess að hægt sé að endurgreiða allar skuldir á gjalddaga og til að tryggja að sjóðurinn hafi ávallt nægt laust fé til þess að geta mætt bæði fyrirjábanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Markaðsáhætta:

Í markaðsáhættu felst hættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á markaðsvirði fjáreigna og fjárskulda. Markaðsáhætta er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði.

Vaxtaáhætta:

Í vaxtaáhættu felst áhætta vegna vaxtasveiflna á markaði og mismunandi binditíma vaxtaberandi eigna og skulda. Sjóðurinn stefnir ávallt að því að hámarka nettó vaxtatekjur að teknu tilliti til settra áhættuviðmiða.

Sjóðurinn stendur frammi fyrir áhættu vegna verðbólgu þar sem hluti eigna og skulda er tengdur vísitölu neysluverðs.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam í árslok 2017 kr. 2.742 millj. og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam kr. 2.574 millj. á sama tíma.

Gjaldeyrisáhætta:

Í gjaldeyrisáhættu felst hættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á gengi erlendra gjaldmiðla. Sjóðurinn fylgist vel með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt og stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu þannig að jafnaði sé jafnvægi milli eigna og skulda í erlendum myntum. Sjóðurinn hefur þó heimildir til þess að víkja frá þeirri stefnu enda séu þau frávik innan marka sem sett eru í reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam í árslok 2017 kr. 37,7 millj. og heildarfjárhæð skulda í erlendum gjaldmiðlum nam kr. 37,3 millj. á sama tíma.

Skýringar

18. Stjórnarháttayfirlýsing

Sparisjóður Austurlands fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og þeim lagalegum skyldum sem á sjóðinn eru lagðar, samþykktum, reglum og samningum.

Hér að neðan er að finna upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttasparisjóðsins og er í kaflaheitum stuðst við 5. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja að því marki sem við á. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands.

Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem sparisjóðurinn fylgir

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn hefur sett sér starfsreglur með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem taka m.a. til verkskiptingar sparisjóðsstjórnar og sparissjóðsstjóra.

Meginefni starfsreglna sparisjóðsins varðar:

1. Framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra
2. Sérstakt hæfi stjórnarmanna til stjórnarstarfa
3. Meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn
4. Setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfélaga og hlutdeildarfélaganna
5. Framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna
6. Ákvarðanir um fiárfestingar sparisjóðsins

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sparisjóðsins eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi sparisjóða má nálgast á heimasíðu fjármálaeftirlitsins. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra eru aðgengilegar á heimasíðu sparisjóðsins.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu sparisjóðsins

Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því að henni sé framfylgt. Nánari upplýsingar um innra eftirlit og áhættustýringu hjá sjóðnum má finna í skýringu 17.

Gildi sparisjóðsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Samfélagslegt hlutverk sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 61. gr. sbr. 63. gr. laga nr. 161/2002 er að vera mikilvæg þjónustu- og fjármálastofnun á sínu nærsvæði þannig að íbúar þess geti stundað eðlileg viðskipti við sparisjóð í sinni heimabyggð og nærsamfélagi. Með skilvirkni í rekstri og ábyrgri stjórnun mun það samfélag sem er á starfssvæði sjóðsins skv. skilgreiningu 61. gr. laga nr. 161/2002, njóta tilvistar sjóðsins þar sem hann miðlar fjármagni á milli fyrirtækja og einstaklinga.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, sparisjóðsstjóra og undirnefnda stjórnar

Stjórn sparisjóðsins skipa fimm menn, kjörnir af hluthöfum. Kjörnir skulu 2 varamenn með sama hætti. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. máls. 2.mgr. 66.gr. laga nr. 2/1995 . Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002. Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar.

Sparisjóðsstjórn kys sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundi eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda og skulu þeir haldnir eftir þörfum. Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram starfsáætlun fyrir árið og samþykkir hana. Samkvæmt henni eru stjórnarfundir að jafnaði einu sinni í mánuði eða oftast telji stjórn ástæðu til. Á síðasta starfsári voru haldnir fjórtán stjórnarfundir og mæting stjórnarmanna á þá mjög góð. Fund skal jafnan halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða sparissjóðsstjóri telur þess þörf. Fundur stjórnar er því aðeins lögmaður að a.m.k. þrjú stjórnarmenn sitji hann. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Sé fundur eigi fullskipaður þarf samþykki þriggja til gildrar ályktunar. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Þær ákvarðanir sem teknar eru á fundum sparisjóðsstjórnar, skulu bókaðar í sérstaka gerðabók og fundargerðir staðfestar með undirritun viðstaddra stjórnarmanna og sparissjóðsstjóra.

Stjórn sparisjóðsins skipa:

Jón Einar Marteinsson stjórnarformaður, Jón Björn Hákonarson, Jóna Árný Þórðardóttir, Regína Fanný Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson.

Varamenn: Guðmundur J. Skúlason og Valdimar O. Hermannsson

Skýringar

18. Stjórnarháttayfirlýsing (frh)

Sparisjóðsstjóri sem uppfylla skal hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og vera búsettur hér á landi hefur með höndum framkvæmdastjórn sparisjóðsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum skv. lögum, samþykktum sparisjóðsins og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar.

Stjórn sparisjóðsins metur þörf fyrir stofnun undirnefnda. Undirnefndir starfa í umboði stjórnar og ber stjórn sparisjóðsins ábyrgð á skipun og störfum undirnefnda.

Ein undirnefnd er starfandi samkvæmt ákvörðun stjórnar sparisjóðsins og er það Endurskoðunar- og áhættunefnd. Nefndin hélt sjö fundi á síðasta ári og var ávallt fullmönnuð.

Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir sparisjóðnum og stórum hluthöfum

Núverandi stjórnarmenn eru allir óháðir sparisjóðnum og stærstu hluthöfum.

Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu sparisjóðsstjóra. Stjórn skal yfirfara og meta þróun sparisjóðsins og hvort hún sé í samræmi við markmið sjóðsins.

Upplýsingar um sparisjóðsstjóra

Stjórn ræður sparisjóðsstjóra og veitir honum lausn, setur honum erindisbréf með skilgreiningu á starfssviði og ábyrgð. Ákveður honum laun og önnur ráðningarkjör. Daglegur rekstur er í höndum sparisjóðsstjóra, skrifstofustjóri sparisjóðsins er honum til aðstoðar og leysir hann af í sumarleyfum. Í IV. kafla reglna Sparisjóðs Austurlands um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra er fjallað um "hlutverk og skyldur sparisjóðsstjóra". Stjórn setur sparisjóðnum starfskjarastefnu. Sparisjóðsstjóri er Vilhjálmur G. Pálsson.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Sparisjóðurinn birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu sjóðsins og sendir út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfseminni. Á aðalfundi sparisjóðsins er farið ítarlega yfir starfsemi sjóðsins.

Skýringar

19. Ófjárhagslegar upplýsingar

Starfsemi Sparisjóðs Austurlands hf.

Sparisjóður Austurlands hf. er hlutafélag sem starfar skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er að rækja á starfssvæi sínu þá starfsemi sem honum er heimil skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og tilgreind eru í starfsleyfi hans frá Fjármálaeftirlitinu.

Áætlun félagsins til framtíðar er að reka sparisjóðinn á öruggan og hagkvæman hátt í samræmi við tilgang félagsins, með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa og samfélagsins að leiðarljósi.

Umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð

Samkvæmt samþykktum sínum mun sjóðurinn sinna samfélagslegu hlutverki í samræmi við ákvæði 61. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nánar tiltekið með því að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð. Þá mun sjóðurinn styðja við íþrótta- og æskulýðsstarf og menningar- og líknarmál. Þessu hlutverki er meðal annars sinnt með ráðstöfun á fjárhæð sem nemur hluta hagnaðar samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Sjóðurinn hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í umhverfismálum.

Starfsmannamál og mannréttindi

Sparisjóðurinn er þekkingarfyrirtæki sem hefur það að markmiði að hafa ávallt á að skipa hæfileikaríku fólki sem er tilbúið til að bæta við þekkingu sína með það að leiðarljósi að nýta hana sem best fyrir viðskiptavinum, sparisjóðinum og samstarfsaðila hans. Sjóðurinn hefur sett sér starfskjarastefnu en markmið hennar er að kjör stjórnarmanna og stjórnenda leggi grunn að traustum rekstri sjóðsins og ásættanlegri arðsemi hlutafjár með langtímahagsmuni hans, eigenda hans, viðskiptamanna og starfsmanna að leiðarljósi. Markmið hennar er einnig að vera, eftir því sem kostur er, upplýsandi fyrir hluthafa og viðskiptavinum um uppbyggingu starfskjara stjórnarmanna, sparisjóðsstjóra, annarra stjórnenda og starfsmanna.

Sparisjóðurinn hefur á að skipa siðareglum sem leggja grunn að viðskiptaháttum sjóðsins. Í siðareglum sparisjóðsins segir m.a.: "Starfsmenn skulu gæta þess að mismuna ekki viðskiptavinum eða samstarfsfólki á grundvelli kynþáttar, litarháttar, sjúkdóma, fötlunar, þjóðernis, aldurs, kynhneigðar, trúar, stjórnálaskoðana, þjóðfélagsstöðu eða annars konar fordóma".

Spillingar og mútumál

Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur á grundvelli laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með síðari breytingum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum FME. Stjórnendur, innri endurskoðendur sparisjóðsins og FME fylgjast með því að reglunum sé fylgt.

